

Ed.

414. Breytingartillögur

[179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. l. nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni.

1. Við 3. gr. Síðari hluti greinarinnar, frá orðunum „þó ekki yfir 0,5% af aðstöðugjaldsstofni gefanda“, falli brott.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
 1. og 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 158 820 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af skattstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá sá hluti persónuafsláttar makans, sem enn er óráðstafað, bætast við persónuafslátt hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.
3. Við 9. gr.
 - a. Í stað orðanna „16 ára“ í 1. másl. 1. mgr. A-liðar komi: 18 ára.
 - b. Í stað orðanna „16 ára“ í 1. másl. 1. mgr. B-liðar komi: 18 ára.
 - c. Á eftir C-lið komi nýr liður, **D Starfslok**, og orðist svo:

Maður, sem er að ljúka starfsævi sinni, skal fá endurgreiddan þegar greiddan tekjuskatt síðustu 12 mánaða fyrir starfslok enda hafi hann öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Verði maður að hætta störfum vegna varanlegrar örorku af völdum veikinda eða slyss skal hann njóta sömu réttinda og um getur í fyrri málsgrein.
4. Við 13. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Fyrsta málsgrein 121. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. og 69. gr., skulu breytast mánaðarlega í samræmi við lánskjaravísitölu samkvæmt lögum nr. 13/1979.